

14. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

VAR HALDIÐ AÐ HÓTEL ESJU 14. JÚNÍ 1974.

Formaður K.K.Í. Einar Bollason setti þingið kl. 10 f.h. og bauð þingfulltrúa velkomna. Óvenju góð þáttaka var, og mun þetta hafa verið eitt af fjölmennustu þingum K.K.Í. ef ekki það fjölmennasta.

Fundarstjóri var kosinn Bogi Þorsteinsson, og ritari Gylfi Kristjánsson.

KOSNAR NEFNDIR ÞINGSINS.

Kjörbréfanefnd: Bjarni G. Sveinsson.  
Gunnar Gunnarsson.  
Pétur Eisteinsson.

Fjárhagsnefnd: Arnaldur Arnason.  
Guðrún Ólafsdóttir.  
Kristinn Stefánsson.

Laga og leikreglnanefnd:  
Sigurður V. Halldórsson.  
Jón Otti Ólafsson.  
Gunnar Gunnarsson.

Alsherjarnefnd: Einar Bollason.  
Jón Stefánsson.  
Gunnar Gunnarsson.

Kjörnefnd: Bogi Þorsteinsson.  
Jón Otti Ólafsson.  
Atli Arason.

Kjörbréfanefnd lauk störfum, og gerði Bjarni G. Sveinsson grein fyrir störfum nefndarinnar.

Alls bárust kjörbréf frá 8 héraðssamböndum, og fulltrúar voru þessir:

Frá íþróttabandalagi Suðurnesja:

Bogi Þorsteinsson  
Hilmar Hafsteinsson

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar:

Helgi Sigurðsson  
Arnaldur Árnason  
Erlingur Karlsson

u.Í.Á.: Jón Stefánsson

Héraðssambandið Skarphéðinn:

Gunnar Sverrisson  
Ari Einarsson  
Birkir Þorkelsson

Í.B.Á.: Hörður Tulinius

U.M.S.K. Pétur Eysteinnsson  
Kristján Norðdahl

Héraðssamband V-Barðastrandasýslu:

Sigurður Viggósson

Körfuknattleiksráð Reykjavíkur:

Guðrún Ólafsdóttir  
Helgi Jensson  
Sigurður Þórarinnsson  
Sig. V. Halldórsson  
Kristinn Stefánsson  
Gylfi Kristjánsson  
Guðný Eiríksdóttir  
Bryndís Halldórsdóttir  
Katrín Valdemarsdóttir  
Atli Arason  
Jón O.Ólafsson  
Gunnar Gunnarsson  
Einar Bollason  
Sigurður Helgason  
Torfi Magnússon  
Svandís Sigurðardóttir  
Hilmar Viktorsson.

Kjörbréf voru samþykkt athugasemdalaust.

## SKÝRSLA STJÓRNAR:

Formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Skýrslan lá prentuð fyrir fundarmönnum, og vísast til hennar. Formaður færði öllum þeim sem höfðutekið þátt í starfi K.K.Í. á kjörtímabilinu þakkir fyrir vel unnin störf.

## REIKNINGAR:

Gjaldkeri K.K.Í. Arnaldur Árnason gerði grein fyrir reikningum K.K.Í.

## FORSETI Í.S.Í.

Gísli Halldórsson forseti Í.S.Í. heiðraði þingið með nærveru sinni, og flutti stutt ávarp.

Gísli flutti þinginu kveðjur og árnaðaróskir Í.S.Í. og lýsti ánægju sinni með störf stjórnarinnar s.l. ár. Hann ræddi um hið aukna fylgi körfuknattleiks um allt land, og kvað það vera ávöxt útbreiðslustarfssemi K.K.Í.

Því næst ræddi Gísli Halldórsson um fjármálin sem hann kvað vera það mál sem ávallt veldi forustumönnum íþróttahreifingarinnar hvað mestum éhyggjum. Hann sagði að Í.S.Í. hefði sannarlega viljað styrkja Körfuknattleikssambandið meir en gert hefði verið, en Í.S.Í. væri þröngur stakkur skorinn fjárhagslega.- Í beinu framhaldi af þessu ræddi forseti Í.S.Í. um hinn aukna fjölda sem stundar íþróttir sér til heilsubótar og ánægju, og með síaukinni þátttöku almennings þyrfti að sjálfsögðu að auka framlög hins opinbera til íþróttahreifingarinnar.

Að lokum endurtók Gísli Halldórsson þakkir sínar til fyrrverandi stjórnar, þakkaði samsvarfið og flutti þinginu svo og körfuknattleiksmönnum sínar bestu óskir um farsælt starf í framtíðinni.

SKÝRSLA OG REIKNINGAR TEKIN TIL UMRÆÐU.

Pétur Eysteinnsson. Lýsti ánægju með stjórnarstörf s.l. ár. Gerði þá athugasemd að alla reikninga varðandi U.S.A. ferð vantaði í reikninga stjórnar.

Einar Bollason Tjáði að reikningar vegna U.S.A. ferðar hefðu verið í reikningum sem lagðir voru fram á 13. Ársþingi, enda öll fjárhagsatriði verið afgreidd fyrir það þing.

Sigurður Helgason Gerði að umræðu, hvort það hefði verið kannað meðal þeirra sem tóku þátt í U.S.A. ferð, hvort þeir væru tilbúnir að hýsa leikmenn Luther í heimsókn þeirra hér.

Ef svo hefði verið, bæri þeim leikmönnum er tóku þátt í U.S.A. ferð ekkert nema skömm í hattinn. Var Sigurður myrkur í máli.

Einar Bollason Einar sagði að forráðamaður landsliðspiltanna hefði tjáð stjórn K.K.Í. að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af húsnæðismálum Luther College hér á landi.

Sigurður Helgason. Hvað vanta uppgjör vegna auglýsingabækling sem leikmenn tóku með sér til U.S.A. Sigurður hvað skipti milli leikmanna af tekjum bæklingins ekki enn liggja ljós fyrir, og óskaði skýringa af hálfu stjórnar á því.

Einar Bollason. Einar sagði að fjáröflun piltanna hefði algjörlega verið á þeirra eigin vegum, og stjórn K.K.Í. hefði ekki haft afskipti af fjármálum þeirra. Einar kvað það liggja ljóst fyrir, að svona hlutir heirðu undir gjaldkera í framtíðinni, fyrirkomulag það sem viðhaft var, hefði verið mistök.

Hilmar Viktorsson. Einn þeirra sem tóku þátt í umræddri ferð, og hafði mikið með fjáröflun piltanna að gera sagði:  
„Endanlegt uppgjör liggur enn ekki fyrir, en við munum sjálfir skipta peningunum á milli okkar.“

Sigurður Helgason. „Ég vona að uppgjörið komi sem fyrst, og óske eftir að fá að sjá öll gögn varðandi þetta mál, bæði hvað snertir vinnu hvers og eins, og hinsvegar skiptingu peninganna.“

Jón Stefánsson. Flutti þinginu kveðjur og árnaðaróskir U.Í.A. Jón ræddi um erfiðleka þeirra austfirðinga á að keppa í vetraríþróttum, bæði vegna samgönguerfiðleka, og vegna húsnæðisskorts sem stendur t.d. körfuknattleiknum mjög fyrir þrifum. Jón þakkaði stjórn K.K.Í. fyrir mikið og gott samstarf, og kvað öll tengsl milli U.Í.A. og K.K.Í. að sjálfsögðu vera til bóta. Að lokum mæltist hann til þess að þeim Austfirðingum sem hefðu tekið dómaraþróf yrðu send sín skírteini hið fyrsta, það væri slæmt fyrir þá að hafa þau ekki.

Bogi Þorsteinsson. Lýsti sérstakri ánægju sinni með að austfirðingar væru komnir með í starfið, og bauð þá velkomna.

Einar Bollason. Varðandi það sem Jón minntist á viðvíkjandi dómarskírteininum vildi hann taka fram að Dómaranefnd mundi senda út öll skírteini í sumar. Einnig bauð Einar, Jón Stefánsson sérstaklega velkominn til þingsins.

Sigurður Helgason. Sigurður flutti þakkir Vals til Gunnars Gunnarssonar form. Mótanefndar fyrir mjög gott samstarf. Sigurður beindi þeirri fyrirspurn til gjaldkera hvort sektarákveðum hefði verið beitt gegn þeim liðum sem ekki mættu tilleiks, eða brugðust umsjónarskyldu sinni.

Arnaldur Arnason. Arnaldur Arnason upplýsti, að 8.500kr. hefðu verið greiddar í sektir í vetur til K.K.Í.

Umræðum lákið, og reikningar og Ársskýrsla samþykkt.

Fjárhagsáætlun lögð fram.

Einar Bollason gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og skýrði. Fjárhagsáætluninni síðan vísað til fjárhagsnefndar.

(sjá fylgiskjal no. 1).

Laga og leikreglnabreytingar.

Gunnar Gunnarsson gerði grein fyrir tillögu Mótanefndar (sjá fylgiskjal no. 2).

Fyrirspurn:

Sigurður Helgason spurði hvers vegna væri fækkað í Mótanefnd. Gunnar Gunnarsson svaraði því á þann hátt, að nefndin skipuð 8 fulltrúum væri og stór og þung í vöfum.

Vísað til laga og leikreglnanefndar.

Tillaga no. 2 breytingartillaga frá stjórn K.K.Í. við tillögu Mótanefndar (sjá fylgiskjal no. 3).

Vísað til laga og leikreglnanefndar.

Tillaga no. 3. Frá kvennanefnd K.K.Í. (sjá fylgiskjal no. 4).

Vísað til laga og leikreglnanefndar.

Tillaga no. 4. Frá stjórn K.K.Í. (sjá fylgiskjal no. 5).

Vísað til Allsherjarnefndar.

Tillaga no. 5. Frá stjórn K.K.Í. (sjá fylgiskjal no. 6).

Vísað til Allsherjarnefndar.

Tillaga no. 6. Frá Sigurði Helgasyni. Breytingartillaga við tillögu Mótanefndar 1. gr. (sjá fylgiskjal no. 7 ).

Vísað til Laga og leikreglnanefndar.

Tillaga no 7. Frá Atla Arasyni. Breytingartillaga á reglu-gerð um körfuknattleiksmót. (sjá fylgiskjal no. 8).

Vísað til Laga og leikreglnanefndar.

Tillaga no. 8. Frá Laga og leikreglnanefnd.

(sjá fylgiskjal no. 9).

NEFNDARÁLIT:  
=====

Sigurður V. Halldórsson gerði grein fyrir álitum Laga og leikreglnanefndar.

Nefndin lagði til, að tillaga Mótanefndar yrði samþykkt með eftirtöldum breytingum:

A. að tillaga no. 2 bætist við.

B. að tillaga no. 8 bætist við.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð fyrir Mótanefnd hljóðar því svo:  
=====

1. gr.

Mótanefnd skal skipuð þrem mönnum, tilnefndum af stjórn K.K.Í. Framkvæmdarstjóri K.K.Í. skal eiga sæti í nefndinni, og vera formaður hennar.

2. gr.

Félög skulu tilnefna mann sem skal vera trúnaðarmaður síns félags við viðurröðun móta á vegum K.K.Í.

3. gr.

Mótanefnd skal, í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd Íslandsmóta.

4. gr.

Formaður boðar til funda í Mótanefnd. Þó skal ætíð halda fund í nefndinni ef einhver nefndarmanna eða stjórn K.K.Í. óska. Fundir skulu bókaðir.

5. gr.

Mótanefnd getur tekið ákvarðanir ef tveir nefndarmanna eru samþykkir.

6. gr.

Verkefni Mótanefndar eru:

1. Að gera tillögu að deildarskipulagi.
2. Að gera tillögu að leikjafyrirkomulagi í samráði við framkvæmdaraðila í héraði t.d. að skipa þátttökuliðum í riðla.
3. Að taka ákvörðun um frestun og niðurfellingu leikja.
4. Að skoða og samþykkja leikvelli og tillögugerð um nauðsynlegar úrbætur þeirra.
5. Að banna notkun leikvalla ef nauðsyn krefur.
6. Að sameina keppnisdaga, svo íþróttaviðburðir falli eigi á sama dag að nauðsynjalausu.

7. gr.

Öll málefni sem samkvæmt gildandi reglum eiga að ákvarðast af stjórn K.K.Í. skulu send stjórninni til umsagnar, áður en Mótanefnd afgreiðir málið.

8. gr.

Mótanefnd euglýsir eftir og tekur við þátttökutilkynningum fyrir Íslandsmót eða veitir framkvæmdaraðila umboð til þess.

9. gr.

Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til stjórnar K.K.Í. einum mánuði fyrir Ársþing.

Tillaga no. 3. Nefndin lagði til, að hún yrði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Tillaga no. 7. Nefndin lagði til að tillaga Atla Arasonar yrði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd: Einar Bollason gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Tillaga no. 4. Nefndin gerði eftirtaldar breytingar á tillögunni.



Dáttlökgjöld skulu vera:

M.fl. karla 6000 kr.

M.fl. kvenna 3000 kr.

aðrir flokkar 2000 kr.

Samþykkt.

Tillaga no. 5.

Neðndin lagði til að tillagan yrði samþykkt óbreytt.

Samþykkt.

Kosning:

Í dómstól K.K.Í.

Úr dómstónum gekk Tómas Zoega. Í hans stað var kjörinn til þriggja ára Hilmar Hafsteinsson og til vara Birkir Þorkelsson. Fyrir voru í dómstólnum Kristinn Stefánsson til tveggja ára, og Birkir Örn Birgirs til eins árs.

Kosning formanns.

Einar Bollason var einn í kjöri, og var kjör hans staðfest með lófataki.

Kosning stjórnar og varastjórnar.

Kjörnefnd.

Bogi Þorsteinsson gerði grein fyrir tillögu Kjörnendar og var tillagan á þessa leið:

Arnaldur Arnason.

Gylfi Kristjánsson.

Sigurður Halldórsson.

Erlingur Karlsson.

Þá kom fram tillaga um Línu Gunnarsdóttur.  
Kosning fór fram , og skiptust atkvæði þannig:

Arnaldur Arnason 26  
Gylfi Kristjánsson 25  
Sigurður Halldórsson 23  
Erlingur Karlsson 21  
Lína Gunnarsdóttir 9

Ógildir voru 3, auður 1.  
Arnaldur, Gylfi, Sigurður og Erlingur voru því kjörnir.

Varastjórn:

Hörður Tulinius  
Lína Gunnarsdóttir.

Önnur mál:

Hinn nýkjörni formaður þakkaði traust sem sér var sýnt.  
Sagði Einar að full ástæða væri til bjartsýni, körfuknatt-  
leikurinn væri í greinilegri sókn um allt land, sem best sæist  
á hinni ört vaxandi þátttöku í Íslandsmótinu. Einar ræddi um  
útbreiðslu körfuknattleiksins sem hann kvað vera eitt af aðal-  
málum sambandsins, og um hin fjölmörgu fyrirhuguðu verkefni  
Íslenskra körfuknattleiksmanna sem bíða úrlausnar næstu  
stjórnar. Að lokum þakkaði hann þingulltrúum þingsetuna og  
flutti þeim kveðjur sínar.

Hörður Tulinius.

Hörður kvaðst vera nýkominn af alþjóðlegu dómaramámskeiði  
í Spa í Belgíu. Þakkaði hann stjórn K.K.Í. fyrir stuðning  
varðandi það mál, og kvaðst geta flutt þá fregn að hann hefði  
náð prófi sem alþjóðlegur dómari. Hörður gerði að umtalsefni  
ýmsar nýngar varðandi dómaraströfin sem hann hafði kynnst  
í þessari ferð, og kvaðst ávallt reiðubúinn til að veita aðstoð  
sína varðandi dómaramálin hjá okkur.

Landshappdrættið.

Dráttur hafði farið fram hjá Borgarfógeta daginn fyrir þingið, en vinningsnúmerið var enn innsiglað hjá gjaldkera K.K.Í. Þingfulltrúar gerðu myndarlegt lokaátak, og keyptu talsvert á annað hundrað miða, og síðan var vinningsnúmerið birt. Upp kom no. 20061.

Bogi Þorsteinsson.

Bogi lýsti ánægju sinni með þá þróun að fulltrúum á Ársþingum K.K.Í. skuli sífellt fara fjögandi í hlutfalli við aukna útbreiðslu körfuknattleiksins. Bogi kvað það marka tímamót að kvenfólkið væri farið að láta meir til sín taka, og kvað það vel.

Að lokum óskaði hann hinni nýkjörnu stjórn allra heilla í áframfarandi starfi og sagði síðan 14. Ársþingi K.K.Í. slitið.

---

Bogi Þorsteinsson  
Þingforseti.

---

Gylfi Kristjánsson  
Þingritari.

Fylgiskjal no. 1.

Fjárhagsáætlun fram til 15. 6. 1978.

STÓLD

TEKJUR

Kennsla og þjálfun	400.000.00	Útbreiðslustyrkur	250.000.00
Stjórnarkostnaður	150.000.00	Kennslustyrkur	40.000.00
Húsaleiga	150.000.00	Tekjur af Ísl. mótinu	450.000.00
Landslið karla ferðakostnaður	1.100.000.00	Tekjur af landsleikjum	200.000.00
Unglingalandslið	900.000.00	Happdrætti	500.000.00
Kvennalandslið	350.000.00	Ferðastyrkir	300.000.00
Ýmis kostnaður	100.000.00	Aðrar tekjur	350.000.00
Útbreiðsla	100.000.00	Tekjuöflun ungl. nefndar	900.000.00
		Tekjuöflun kvenna- nefndar.	350.000.00
	<u>3.250.000.00</u>		<u>3.250.000.00</u>

Fylgiskjal no. 2.

1. Tillaga: Frá Mótanefnd, (reglugerð fyrir Mótanefnd K.K.Í.)

1. gr.

Mótanefnd K.K.Í. skal skipuð þrem mönnum tilnefndum af stjórn K.K.Í. Nefndin skal kjósa formann.

2. gr.

Mótanefnd skal, í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd Íslandsmóta.

3. gr.

Formaður boðar til funda í Mótanefnd. Þó skal ætíð halda fund í nefndinni ef einhver nefndarmanna eða stjórn K.K.Í. óska. Fundir skulu bókaðir.

4. gr.

Mótanefnd getur tekið ákvarðanir ef tveir nefndarmanna eru samþykkir.

5. gr.

Verkefni Mótanefndar eru:

1. Að gera tillögu að deildarskipulagi.
2. Að gera tillögu að leikjafyrirkomulagi í samráði við framkvæmdaraðila í héraði t.d. að skipa þátttökuliðum í riðla.
3. Að taka ákvörðun um frestun og niðurfellingu leikja.
4. Að skoða og samþykkja leikvelli og tillögugerðjum nauðsynlegar úrbætur þeirra.
5. Að banna notkun leikvalla ef nauðsyn krefur.
6. Að sameina keppnisdaga, svo íþróttaviðburðir falli eigi á sama dag að nauðsynjalausu.

6. gr.

Öll málefni sem samkvæmt gildandi reglum eiga að ákvarðast af stjórn K.K.Í. skulu send stjórninni til umsagnar, áður en Mótanefnd afgreiðir málið.

7. gr.

Mótanefnd auglýsir eftir og tekur við þátttökutilkynningum fyrir Íslandsmót eða veitir framkvæmdaraðila umboð til þess.

8. gr.

Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til stjórnar K.K.Í. einum mánuði fyrir Ársping.

Fylgiskjal no. 3.

2. Tillaga: Breytingartillaga frá stjórn K.K.Í. við tillögu Mótanefndar:

- a) 1. grein hljóði svo:  
Mótanefnd skal skipuð þrem mönnum, tilnefndum af stjórn K.K.Í. Framkvæmdarstjóri K.K.Í. skal eiga sæti í nefndinni, og vera formaður hennar.
- b) Við grein 2 bætist:  
og Bikarkeppni, svo og öðrum mótum á vegum K.K.Í.
- c) Breyting á 7. grein:  
Á eftir orðinu Íslandsmót komi:  
- og Bikarkeppni.

Fylgiskjal no. 4.

3. Tillaga: Tillaga frá kvennanefnd K.K.Í.

Leiktími í m.fl. kvenna skal vera 2 x 20 mínútur, sem er alþjóðlegur leiktími.

Fylgiskjal no. 5.

4. Tillaga: Tillaga frá stjórn K.K.Í.

Stjórnin leggur til, að þátttökugjöld í Íslandsmóti og Bikarkeppni verði sem hér segir:

Í m.fl. kr. 5000,00 - í öðrum flokkum kr. 2000,00.

Greinargerð:

Vegna hinna gífurlegu verðhækkana og aukins kostnaðar við framkvæmd móta, álitur stjórn K.K.Í. að þátttökugjöld þau sem hafa verið í mótum undanfarið séu allsendis óraunhæf. Má benda á sem dæmi, að verðlaun öll hafa hækkað mjög mikið, og kostnaður er geysimikill við framkvæmd leikja.

Fylgiskjal no. 6.

Tillaga frá stjórn K.K.Í.

Stjórnin leggur til, að næsta vetur verði stofnuð 1. og 2. deild kvenna. 1. deild með þátttöku 6 liða og 2. deild með allt að 8 liðum. Um nánari tilhögun vísast til deildarskiptingu karla.

Stjórn K.K.Í.

Fylgiskjal no. 7.

Framhald af breytingartillögu stjórnar K.K.Í. no. 2, 1. gr.

Ennfremur skulu félög tilnefna fulltrúa sem skulu starfa í upphafi niðurröðun leikja í mótunum.

Sigurður Már Helgason.

Fylgiskjal no. 8.

Tillaga frá Atla Arasyni.

Breytingatillaga á reglugerð um körfuknattleiksmót.

8. gr. reglugerðarinnar verði felld niður, þar sem hún gengur í berhögg við 3. gr. sömu laga.

Atli Arason.

Fylgiskjal no. 9.

Frá Laga og leikreglnanefnd.

2. gr. reglugerðar fyrir Mótanefndar hljóði svo:

Félög skulu tilnefna mann sem skal vera trúnaðarmaður síns félags við niðurröðun móta á vegum K.K.Í.

Númer annara greina færast aftur, þannig að 3. gr. verður

4. gr. o.s.frv.

Laga og leikreglnanefnd.